



**Umhverfis- og aðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík**

Selfossi, 24. júní 2019  
1906076HS MBG

**Efni: Umsögn vegna breytinga á reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni.**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir fyrirhugaða reglugerðabreytingu á reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og gerir eftirfarandi athugasemdir:

- Í dag vísar í 7. grein, reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, að farið skal eftir öryggisreglum í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum eins og við á hverju sinni.  
Að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er réttast að aðskilja reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni frá reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum þar sem það er reynsla eftirlitsins að tilvísanir úr einni reglugerð í aðra bjóði upp á misskilning hjá fólki. Auk þess sem áfengisveitingar eru með öllu bannaðar á sund- og baðstöðum en neysla áfengis verði heimil í baðstöðum í náttúrunni muni verða af áðurnefndri breytingar.
- Í breytingartillögunni er tiltekið að áfengi skuli veitt í margnota umbúðum eða margnota glösum. Að mati Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er rétt að taka fram að umbúðir/glös megji ekki vera úr gleri eða álíka efni sem getur skapað slyshættu. Orðalagið margnota umbúðir koma jafnframt í veg fyrir að stöðum sé heimilt að bjóða gestum að neyta drykkja úr upprunalegum einnota umbúðum s.s. áldósum.
- Orðalagið „takmarkað magn“ er mjög óljóst og setja þarf því skýrt viðmið við hvað er átt svo samræmingar gæti um landið.
- Eftirlitið telur einnig að setja eigi í reglugerðina til að styrkja starfsumhverfi laugarvarða í baðstöðum í náttúrunni sambærilegt við 7. mgr. 14. greinar reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum sem gæti t.d. orðast svo: Gestir baðstaða í náttúrunni þar sem laugargæsla er/eða í flokki I og II skulu í



hvívetna hlýða fyrirmælum starfsmanna sundstaða varðandi öryggi og hollustuhætti. Laugarverði er heimilt að vísa gesti úr laug eða meina honum aðgang að laug telji laugarvörður það nauðsynlegt til að tryggja öryggi eða þegar gestur fer ekki að lögum og reglum

Að lokum tekur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands undir með umsögn Embættis landlæknis um að baðstaðir í náttúrunni eru fjölskyldustaðir. Neysla áfengis eykur álag á laugargæslu laugarvarða og getur haft áhrif á öryggi annara gesta.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*María Berg Guðnadóttir*  
María Berg Guðnadóttir  
heilbrigðisfulltrúi